

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2227  
komudagur 2.5.2001

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

SA/JG

Rvk. 02.05.2001

**Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvörp til laga um opinber innkaup, 670. mál og opinberar framkvæmdir, 671. mál.**

SA fagna þessum frumvörpum og telja lögfestingu þeirra vera framfaraspor. Engin heildarendurskoðun hefur farið fram á lögum um þessi efni síðan Íslendingar gerðust aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, sem gerbreytti lagaumhverfinu á þessu sviði. Verður ekki fjallað hér sérstaklega um frumvarpið um opinberar framkvæmdir sem takmarkar viðfangsefni þeirra laga gagnvart heildarlögum um opinber innkaup.

Eins og fyrr segir er því fagnað að efnisreglur um opinber innkaup séu settar fram í einum heildarlögum um málaflokkinn, þar sem staðfest er að útboð skuli vera meginreglan í opinberum innkaupum. Er vafalaust að virk beiting útboða við opinber innkaup eykur hagkvæmni og sparar skattgreiðendum fjármuni. Þar gegna leikreglurnar höfuðmáli því það er raunverulegt jafnræði bjóðenda og gagnsæar leikreglur sem ýta undir samkeppni og skilvirkni. Allt þjóðfélagið nýtur þess í sínum innkaupum ef opinber innkaup eru nýtt til þess að skapa heilbrigðan útboðsmarkað. Veruleg þróun hefur orðið í þessum efnium á vegum ríkisins, en mörg sveitarfélög, einnig þau stærri, eiga verulega langt í land í þessum efnium. Enn er alltof algengt að grundvallaratriði séu ekki virt. T.d. sé kallað eftir „verðhugmyndum“ en ætlast til að seljendur skili inn fullgildum tilboðum, sem ekki eru síðan opnuð með formlegum hætti. Tilboð eru jafnvel metin á grundvelli leikreglna sem ekki lágu fyrir við tilboðsgerð, kröfur auknar, eða þær minnkaðar. Hér er ekki aðeins þörf á lagareglum, heldur vakningar í þessum efnium og skýrrar stefnumörkunar af hálfu þeirra sem fara með opinbert fé.

Það atriði sem mest er gagnrýni vert þegar ný lög eru sett um opinber innkaup, er því í raun til hverra þau taka ekki. Mjög bagalegt er að annar þáttur frumvarpsins skuli ekki taka til innkaupa á vegum sveitarfélaga og er brýnt að þróa þau mál áfram í framhaldinu. Markmiðið með innri markaði EES var að samræmdar reglur giltu á öllu svæðinu líkt og um eitt ríki væri að ræða. Á Íslandi er viðskipta-umhverfið hins vegar mismunandi á milli sveitarfélaga, sem er óviðunandi fyrir seljendur og dregur örugglega úr hagkvæmni í innkaupum sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,

---

Ari Edwald, framkvæmdastjóri